

lögtaxsgjörð á að vera ógild. Hin stefnda, hreppsnefndin í Sauðárhreppi, greiði áfrýjanda, stjórn kaupfélags Skagfirðinga og Húnavetninga, kostnað máls þessa að skadlausu, áður liðnar eru 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 57/1895. P. Nielsen fyrir hönd verzlunar Lefoliis á Eyrarbakka gegn hreppsnefndinni í Ölfushreppi.

D ó m u r :

Verzlun stórkaupmanns Lefoliis á Eyrarbakka í Árnessýslu á 3 geymsluhús, tvö fyrir salt og eitt fyrir fisk í Þorlákshöfn í Ölfushreppi í sömu sýslu, og hefir verzlunin að undanfögnu látið veita blautum fiski móttöku þar, geymt hann í húsunum, eptir því sem á hefir staðið, og síðan flutt hann til Eyrarbakka og látið verka hann þar; enn fremur hefir verzlunin árlega haft salt í húsunum og afhent það þar viðskiptamönnum sínum. Hreppsnefndin í Ölfushreppi hefir álitid, að Lefolii með þessu móti hafi rekið verzlun eða arðsamt fyrirteki í Þorlákshöfn, og lagði því aukaútsvar, að upphæð 100 kr., á hann eða verzlun hans í Þorlákshöfn haustið 1894. Verzlunarstjóri Lefoliis á Eyrarbakka, P. Nielsen, neitaði að greiða aukaútsvarið, og krafðist hreppsnefndin þess þá, að það væri tekið lögtaki. Hjelt sýslumaðurinn í Arnes-

sýslu síðan fógætarijett á Eyrarbakka hinn 5. nóvembermán. f. á., og eptir að hann með úrskurði hafði hrundið mótmælum verzlunarstjóra P. Nielsens móti lögtakinu, framkvæmdi hann það eptir kröfu hreppsnefndarinnar á þann hátt, að hann tók fjárnámi verzlunarvörur tilheyrandi Eyrarbakka-verzlun, sem virtar voru alls á 140 kr. 13 a. Fógetaúrskurði þessum og lögtaksgjörðinni hefir verzlunarstjóri P. Nielsen fyrir hönd Lefoliis áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. desbr. f. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði felld úr gildi, og að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða málskostnað með 100 kr. Hin stefnda hreppsnefnd Ölfushrepps, sem hefir fengið leyfi fyrir gefins málsvörn og skipaðan málsfærslumann, hefir af sinni hálfu látid krefjast þess, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og það væri ekki gjafvarnarmál, þar í talin málflytningu til hins skipaða verjanda.

Eptir því sem fram er komið í málinu og eins og drepið er á hjer að framan, lætur Lefolii kaupmaður, sem rekur verzlun á Eyrarbakka, taka á móti óverkuðum (blautum) fiski í Þorlákshöfn hjá viðskiptamönnum verzlunar sinnar, og aptur á hinn bógiun afhenda þeim þar salt eptir þörfum; hefir hann til þessa 3 geymsluhús þar á staðnum, og lætur verkamenn sína, einn eða fleiri, vera þar, meðan á móttöku fisksins og afhendingu saltsins stendur. Það er eigi sannað, að Lefoliis-verzlun hafi önnur eða frekari vöruskipti í Þorlákshöfn

en þessi, og fiskur sá, sem hún fær þar, er eigi verkaður þar, heldur fluttur austur á Eyrarbakka-óverkaður. Þótt nú þessi atvinnurekstur væri álitinn arðsamt fyrirtæki fyrir Lefolli eða verzlun hans á Eyrarbakka, þá verður að líta á það, að þetta fyrirtæki verður eigi talið rekið lengri tíma í Þorlákshöfn (o: í Ölfushreppi) en hann hefir þar þjónustumenn sína til þess að sinna því. Í því efni hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að Eyrarbakka, verzlun hafi þjónustumenn sína í Þorlákshöfn um 3 mánuði árlega, og að því er sjerstaklega snertir árið 1894, hafi hún haft þá þar 91 dag og dagparta. Að visu hefir stefndi vefengt þessa framsögn áfrýjanda, en hefir þó ekki hnekktt henni með lögmætri sönnun, sem honum þó hlaut að vera innan handar, ef skýrsla áfrýjanda um þetta atríði var röng. Það verður því að taka þessa skýrslu áfrýjanda til greina, og með því að engin heimild er til þess að telja með þann tíma, er leið frá því að afhendingu saltsins á vetrarvertíðinni var lokið (8. maí) og þangað til móttaka á fiski byrjandi (2. júlí), eins og fógetinn hefir gjört í úrskurði sínum, — en þennan tíma hafði áfrýjandi engan þjónustumann í Þorlákshöfn, og ljét hvorki afhenda þar salt nje veita fiski móttöku — verður eigi álitíð að umrætt fyrirtæki hafi verið rekið í Ölfushreppi 4 mánuði árið 1894, sbr. lög nr. 12, 9. ágústm. 1889. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð og lögtaksgjörð og dæma hreppsnefndina til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu, sbr. lög nr. 29, 16. des. 1885,

13. gr. Hinum skipaða málflutningsmanni hennar verða eigi dæmd málfærslulaun, en það vottast að málsvörnin hefir verið lögmæt.

Þvi dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og lögtaks-gjörð eiga að vera ógild. Hin stefnda hrepps-nefnd Ölfushrepps greiði áfrýjanda verzlunar-stjóra P. Nielsen fyrir hönd Lefoliisverzlunar á Eyrarbakka kostnað máls þessa að skað-lausu, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirt-ingu dómsins að viðlagðri lagaadför.

Nr. 54/1895.

Björn Kristjánsson
 gegn
 Hagbarth Thejll.

Dómur:

Áfrýjandinn Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn hinum stefnda, kaupmanni Hagbarth Thejll í Stykkishólmi, út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 850 kr., og var málið dæmt af aukarjettinum 2. nóv. f. á. á þá leið, að Hagbarth Thejll á að greiða Birni Kristjánssyni af hinni umstefndu skuld 626 kr. 96 a. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1894 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum aukarjettardómi hefir Björn Kristjánsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefinni